

Ársfundur Retrieverdeildar HRFÍ 2023

Mæting 12 manns

1. Fræðsluerindi frá Ernu um Rallýhlíðni
2. Fundurinn samþykkir Guðna B. Guðnason sem fundarstjóra og Karl Andrés Gíslason sem fundarritara.
3. Farið yfir ársskýrslu stjórnar ásamt ársreikning fyrir starfsárið 2022
Sunna fer yfir skýrsluna í helstu atriðum, skýrslan liggur fyrir á heimasíðu deildarinnar.

Guðni opnar fyrir umræður skýrsluna.

Heiðar vill benda á ábyrgð deildarinnar að halda gagnagrunni deildarinnar í lagi. Hann óskar eftir því að deildin taki þetta föstum tókum og hætti að treysta því að deildarmeðlimir skili niðurstöðum. Skorar á stjórn að koma þessu í lag og fá allar niðurstöður augnskoðunar og DNA prófa inn í gagnagrunn deildarinnar.

Miklar umræður sköpuðust um þetta mál, það er samhljóma álit að þetta verði að laga og fundurinn áréttar mikilvægi gagnagrunnsins fyrir ræktendur og áhugafólk um hundana okkar.

Heiðar vill einnig ræða heilsufarsnefnd, mikilvægt starf og missir að ekki fái fleiri niðurstöður um EIC frá deildarmeðlimum. Hugmynd borin fram um að deildin kosti DNA stikkprufur á EIC fyrir hundana okkar. Það er miður að eigendur virðast ekki skila inn niðurstöðum sem ekki eru ásættanlegar eigendum.

Fundurinn ræðir hvort hægt sé að breyta aðferðarfræðinni og liggur best við að fara yfir í sambærilegt fyrirkomulag og í Danmörku þar sem eigandi kaupir niðurstöður beint af HRFÍ og fær þannig beiðni til dýralæknis um sýnatöku/myndatöku. Niðurstöður skila sér svo beint til HRFÍ.

Karl fer yfir ársreikning deildarinnar ásamt því að óska eftir samþykki fundar að stofna óbundinn reikning með hagstæðari vöxtum fyrir deildina. Fundur samþykkir þá tillögu sem og ársreikning.

Óli óskar eftir að deildin verði sér út um posa. Stjórn tekur málið áfram og ræðir á næsta fundi.

4. Veitingar og spjall

5. Kosið til stjórnar. Laus eru þrjú sæti til tveggja ára ásamt einu sæti til eins árs. Óskað eftir framboðum.

Framboð til tveggja ára setu
Karl Andrés Gíslason
Sunna Birna Helgadóttir
Kjartan Ingi Lorange

Framboð til eins árs
Óli Þór Árnason

Stjórn er sjálfkjörin

6. Kosið í nefndir

Veiði- og vinnunefnd

Víðir Lárusson
Ævar Valgeirsson
Heiðar Sveinsson
Vilhelm Jónsson
Gísli Már Árnason
Þórhallur Atlason
Guðmundur Ragnarsson
Arnar Tryggvason
Sigurður B Sigurðsson
Guðlaugur Guðmundsson
Dagný Hinriksdóttir
Þorsteinn Hafþórsson
Finnbogi Llorens
Þorsteinn Þorsteinsson

Sýninganefnd

Óli Þór Árnason
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Sunna Birna Helgadóttir
Unnur Olga Ingvarsdóttir
Thelma Dögg Freysdóttir
Eva Björg Bragadóttir
Svava Guðjónsdóttir
Alda Gyða Úlfarsdóttir

Göngu og Skemmtinefnd

Íris Erlingsdóttir

Básanefnd

Óli Þór Árnason

Heilbrigðisnefnd

Sesselja Sigurðardóttir

Erla Heiðrún Benediktsdóttir

Sigrún Guðlaugardóttir

Vefsíðunefnd

Olgeir Gestsson

Andrés Ævar Grétarsson

Sólrún Dröfn Helgadóttir

Karl Andrés Gíslason

7. Önnur mál

Tóti brýnir mikilvægi þess að fá fréttir inn á heimasíðu ásamt því að setja fréttir á Facebook. Karl þakkar fyrir góða ábendingu, stjórn hefur reynt að setja inn allar fréttir og tilkynningar á heimasíðu og þeim hlekk sé svo deilt á Facebook síðu deildarinnar.

Fundur ákveður að setja niður tvær ályktanir til stjórnar HRFÍ. Samþykkt ályktun til stjórnar HRFÍ er eftirfarandi.

1. Aðalfundur Retrieverdeildar skorar á stjórn HRFÍ að birta tímasetta áætlun á næsta aðalfundi félagsins um frekari uppbyggingu og áfanga í uppbyggingu Hundavefs sem upplýsingavefs fyrir íslenska ræktendur. Jafnframt er nauðsynlegt að kortleggja það sem uppá vantar til þess að Hundavefur gagnist íslenskum ræktendum sem allra best.
2. Aðalfundur Retrieverdeildar beinir því til stjórnar HRFÍ að skerpa verklag í kringum sýnatökur og skráningu niðurstaðna heilsufarsupplýsinga í Hundavefsgrunn HRFÍ. Skoða mætti þá útfærslu líkt og er í Danmörku að vilji ræktendur fá skráða niðurstöðu í heilsufarsgrunn HRFÍ þá sé sýnataka framkvæmd af viðurkenndum dýralækni og niðurstöður sendar beint inn til í Hundavef til skráningar með milligöngu HRFÍ. Slíkt sé gert með upplýstu samþykki eiganda áður en sýni er tekið.

Aðalfundur Retrieverdeildar beinir eftirfarandi til stjórnar deildarinnar

1. Að ræða við heilsufarsnefnd deildarinnar hvort komi megi upp jákvæðum hvata til félagsmanna deildarinnar varðandi það að skila inn niðurstöðum sýna sem tekin hafa verið inn í gagnagrunn HRFÍ. Þá hugmynd mætti skoða hvort deildin gæti niðurgreitt sýnatöku fyrir sýni sem skilgreind væru í ákveðnu úrtaki. Fundurinn hvetur stjórn til að taka samtali við nefndina í þeim tilgangi að finna leiðir til að fá betri yfirsýn yfir heilsufarsupplýsingar þeirra hunda sem hafa komið í íslenskri ræktun.

2. Að skerpa á verklagi varðandi skilum á gögnum inn í Hundavef og millifærslu upplýsinga þaðan inn í gagnagrund deildarinn. Verklagið þarf að vera skilgreint og skýrt til að treysta megi þeim upplýsingum sem fara inn í núverandi gagnagrunn deildarinnar

Fundi slitið